# Fimmtudagur 26. janúar

## SJÓNVARPIÐ

18.00 **Heiða** (31). Teiknimyndaflokkur byggður á skáldsögu Jóhönnu Spyri.
18.25 **Stundin okkar.** Umsjón Helga Steffensen.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
19.00 **Jörðin** Fyrsti þáttur. Bresk fræðslumynd í þremur þáttum um þá miklu breytingu sem orðið hefur á stöðu jarðarinnar í sólkerfinu síðastliðin tvö hundruð ár.
19.55 **Ævintýri Tinna** Ferðin til tunglsins (4)

20.00 **Fréttir og veður.**
20.35 **Í pokahorninu. -Tindátarnir** Frumflutningur hljómsveitarinnar Rikshaw á nýrri tónlist við kvæði eftir Stein Steinarr.
20.50 **Drengur í óskilum** (Displaced Persons) Bresk sjónvarpsmynd frá 1985. Leikstjóri Alan Bridges. Aðalhlutverk Stan Shaw, Rosmary Leach og Rico Ross. Myndin gerist í Þýskalandi eftir seinni heimsstyrjöldina og fjallar um ungan blökkudreng sem býr á munaðarleysingjaheimili. Hann hefur aldrei gefið upp vonina um að hitta foreldra sína, og þegar bandarískir hermenn koma í nágrennið sér drengurinn að einn þeirra er svartur á hörund.
21.59 **Quisling málið. Lokaþáttur.** Leikin heimildamynd um Vidkun Quisling sem var foringi nasistastjórnarinnar í Noregi.
23.00 **Seinni fréttir**
23.10 **Íþróttasyrpa** Ingólfur Hannesson stiklar á stóru í íþróttaheiminum og sýnir svipmyndir af innlendum og erlendum vettvangi.
23.30 **Dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

15.45 **Santa Barbara** Bandarískur framhaldsþáttur.
16.35 **Hver vill elska börnin mín?** Who Will Love My Children?. Mynd þessi er byggð á sannri sögu tíu barna móður sem uppgötvar að hún gengur með banvænan sjúkdóm. Aðalhlutverk: Ann-Margret og Frederic Forrest.
18.15 **Selurinn Snorri**Teiknimynd með íslensku tali.
18.30 **Gagn og gaman.** Fræðandi teiknimyndaflokkur þar sem tæknivæðing mannsins er útskýrð á einfaldan og skemmtilegan máta.
18.40 **Handbolti**Umsjón: Heimir Karlsson.
19.19 **19.19**Lifandi fréttaflutningur ásamt umfjöllun um málefni líðandi stundar.
20.30 **Morðgáta.** Jessica leysir morðmálin af sinni alkunnu snilld.
21.15 **Forskot á Pepsí popp.**Kynning á helstu atriðum þáttarins Pepsí popp sem verður á dagskrá á morgun.
21.25 **Þríeykið**Breskur gamanmyndaflokkur í sjö hlutum um lækna sem gera hvert axarskaftið á fætur öðru 2. hluti.
21.50 **Auðveld bráð** Easy Prey. Hörku spennumynd byggð á raunverulegum atburðum sem hentu sextán ára gamla stúlku er henni var rænt og haldið í gíslingu. Aðalhlutverk: Gerald McRaney og Shawnee Smith.
23.20 **Lokasenna** The Final Conflict. Lokaþáttur myndanna um „Fyrirboðann" eða „Omen". Damien Thorn er orðinn fullvaxta maður og traustur ráðgjafi forseta Bandaríkjanna. Aðalhlutverk: Sam Neill, Rossano Brazzi, Don Gordon og Lisa Harrow. Alls ekki við hæfi barna.
01.05 **Dagskrárlok.**

## SKY CHANNEL

5.30 **Viðskipti í Evrópu.**
6.00 **Góðan daginn, Norðurlönd.** Morgunþáttur í umsjá Norðurlandabúa.
7.00 **Þáttur D.J. Kat.** Barnaefni og tónlist.
8.00 **Denni dæmalausi.**
8.30 **Pound Puppies.** Teiknimynd.
9.00 **Niðurtalning.** Vinsældalistapopp.
10.00 **40 vinsælustu.** Breski listinn.
11.00 **Poppþáttur.**
11.40 **Ungt fólk í Evrópu.**
12.00 **Önnur veröld.** Bandarísk sápuópera.
13.00 **Spyrjið dr. Ruth.**
13.30 **Roving Report.** Fréttaskýringaþáttur.
14.00 **Ritters Cove.** Ævintýramynd.
14.30 **Star Come.** Teiknimynd.
15.00 **Niðurtalning.** Vinsældalistapopp.
16.00 **Þáttur D.J. Kat.** Barnaefni og tónlist.
17.00 **Flying Kiwi.**Ævintýraþáttur.
17.30 **Mig dreymir um Jeannie.** Gamanþáttur.
18.00 **The Ghost And Mrs. Muir.** Gamanþáttur.
18.30 **Neyðartilfelli.** Sakamálaþáttur.
19.30 **Black Carrion.**Kvikmynd frá 1984.
21.00 **Skíði.**Nýjustu fréttir af skíðamótum í Evrópu.
22.00 **Fjölbragðaglíma**
23.00 **Popp.** Þýskur þáttur.
24.00 **Klassísk tónlist.** Tónlist frá 18. öld.
0.25 **Fílharnóníuhljómsveit Tékkóslóvakíu.**
1.25 **Klassísk tónlist.**Mozart For The People.
02.35 **Víólukonsert Mozarts.**
2.55 **Tónlist og landslag.**

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Jónas Gíslason flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið með Ingveldi Ólafsdóttur.** Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Lesið út forustugreinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30. Baldur Sigurðsson talar um daglegt mál laust fyrir kl. 8.00.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn.** Guðni Kolbeinsson les sögu sína, „Mömmustrákur". (2)
9.20 **Morgunleikfimi.** Umsjón: Halldóra Björnsdóttir.
9.30 **Í garðinum með Hafsteini Hafliðasyni.**
9.40 **Landpósturinn** – frá Norðurlandi. Umsjón: Pálmi Matthíasson á Akureyri.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Ég man þá tíð.** Hermann Ragnar Stefánsson kynnir lög frá liðnum árum.
11.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
11.05 **Samhljómur.** Umsjón: Leifur Þórarinsson.
11.55 **Dagskrá.**
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
13.05 **Í dagsins önn** – Nornir. Umsjón: Bergljót Baldursdóttir.
13.35 **Miðdegissagan, Blóðbrúðkaup eftir Yann Queffeléc.** Þýðandi Guðrún Finnbogadóttir.
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Fimmtudagssyrpa** Magnúsar Einarssonar. (Einnig útvarpað aðfaranótt sunnudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Leikrit vikunnar:** „Morð í mannlausu húsi". Framhaldsleikrit eftir Michael Hardwick, byggt á sögu eftir Arthur Conan Doyle, „A Study in Scarlett", sem lýsir fyrstu kynnum Sherlock Holmes og dr. Watsons. (Endurtekið frá þriðjudagskvöldi.)
15.45 **Þingfréttir.**
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin, dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – Flugvélamódel í loftinu. Umsjón: Kristín Helgadóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Smetana og Sibelius.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.**
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.33 **Kviksjá.** Þáttur um menningarmál, meðal annars um íslenska málstefnu. Umsjón: Friðrik Rafnsson og Halldóra Friðjónsdóttir.
19.55 **Daglegt mál.** Endurtekinn þáttur frá morgni sem Baldur Sigurðsson flytur.
20.00 **Litli barnatíminn.** (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Tónlistarkvöld Útvarpsins.** Samnorrænir tónleikar í hljómleikasal útvarpshússins í Kaupmannahöfn. Stjórnandi: Leif Segerstam. Einleikari: Olli Mustonen.
22.00 **Fréttir.** Dagskrá morgundagsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.20 **Lestur Passíusálma.** Guðrún Ægisdóttir les 4. sálm.
22.30 **„Kem ég til þín að lágu leiði . . ."** Þáttur í samantekt Hjartar Pálssonar um Hallgrím Pétursson og Hallgrímsljóð í seinni tíma skáldskap Íslendinga. Lesari ásamt honum: Guðrún Þ. Stephensen. (Áður útvarpað í apríl 1987.)
23.10 **Fimmtudagsumræðan.** Stjórnandi: Bjarni Sigtryggsson.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Samhljómur.** Umsjón: Leifur Þórarinsson. (Endurtekinn frá morgni.)
01.00 **Veðurfregnir.** Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns.

## RÁS 2 FM 90,1

1.10 **Vökulögin.**
7.03 **Morgunútvarpið.** Leifur Hauksson og Ólöf Rún Skúladóttir hefja daginn með hlustendum.
9.03 **Viðbit.** – Þröstur Emilsson. (Frá Akureyri.)
10.05 **Morgunsyrpa** Evu Ásrúnar Albertsdóttur og Óskars Páls Sveinssonar.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Í Undralandi** með Lísu Páls.
14.00 **Á milli mála.** – Eva Ásrún Albertsdóttir og Óskar Páll Sveinsson.
16.03 **Dagskrá.** Stefán Jón Hafstein, Sigríður Einarsdóttir og Ævar Kjartansson bregða upp mynd af mannlífi til sjávar og sveita og því sem hæst ber heima og erlendis. Kaffispjall upp úr kl. 16.00, „orð í eyra" kl. 16.45 og „Þjóðarsálin" kl. 18.03. Landsmenn láta gamminn geisa um það sem þeim blöskrar í Meinhorninu kl. 17.30.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.33 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Útvarp unga fólksins.** Meðal efnis: „Kista Drakúla" eftir Dennis Jörgensen í útvarpsleikgerð Vernharðs Linnets. 4. þáttur. (Áður flutt í Barnaútvarpinu.)
21.30 **FRÆÐSLUVARP:** Lærum ensku. Enskukennsla fyrir byrjendur á vegum Fjarkennslunefndar og Málaskólans Mímis. Áttundi þáttur endurtekinn frá liðnu hausti.
22.07 **Sperrið eyrun.** Anna Björk Birgisdóttir leikur þungarokk á ellefta tímanum.
01.10 **Vökulögin.** Sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 1.00 og 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.
8.07 – 8.30 **Svæðisútvarp Norðurlands.**
18.03 – 19.00 **Svæðisútvarp Norðurlands.**
18.03 – 19.00 **Svæðisútvarp Austurlands.**

## FM 98,9 BYLGJAN

7.30 **Páll Þorsteinsson:** Tónlist sem gott er að vakna við, litið í blöðin og sagt frá veðri og færð. Fréttir kl. 8 og Potturinn kl. 9.00
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Góð Bylgjutónlist hjá Valdísi. Fréttir kl. 10, 12 og 13. Potturinn kl. 11. Brávallagötuhyskið kemur milli kl. 10 og 11.
14.00 **Þorsteinn Ásgeirsson.** Góð stemmning með góðri tónlist. Fréttir kl. 14 og 16. Potturinn kl. 15 og 17. Bibba og Dóri milli kl. 17 og 18.
18.00 **Fréttir.**
18.10 **Reykjavík síðdegis – Hvað finnst þér?** Steingrímur og Bylgjuhlustendur tala saman. Síminn er 61 11 11.
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.**
20.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.**
24.00 **Næturdagskrá Bylgjunnar.**

## Stjarnan FM 102,2 & 104

7.00 **Egg og beikon.** Morgunþáttur Þorgeirs og fréttastofunnar, viðtöl, fólk og góð tónlist. Stjörnufréttir klukkan 8.
9.00 **Níu til fimm.** Lögin við vinnuna, lítt trufluð af tali. Umsjón Gyða Dröfn Tryggvadóttir og Bjarni Haukur Þórsson. Stjörnufréttir klukkan 10, 12, 14 og 16.
17.00 **Ís og eldur.** Þorgeir Ástvaldsson og Gísli Kristjánsson. Tal og tónlist. Stjörnufréttir klukkan 18.
18.00 **Bæjarins besta.** Kvöldtónlist til að hafa með húsverkunum og eftirvinnunni.
21.00 **Í seinna lagi.** Tónlistarkokkteill sem endist inn í draumalandið.
1.00 **Næturstjörnur.** Fyrir vaktavinnufólk, leigubílstjóra, bakara og nátthrafna.

## Hljóðbylgjan Reykjavík FM 95,7 Akureyri FM 101,8

7.00 **Réttum megin fram úr.** Ómar Pétursson spjallar við hlustendur í morgunsárið, kemur með fréttir sem koma að gagni og spilar góða tónlist.
9.00 **Morgungull.** Hafdís Eygló Jónsdóttir á seinni hluta morgunvaktar, spilar tónlist við allra hæfi og segir frá ýmsum merkilegum hlutum. Afmæliskveðju- og óskalagasímarnir eru 27711 fyrir Norðlendinga og 625511 fyrir Sunnlendinga.
12.00 **Ókynnt hádegistónlist.**
13.00 **Perlur og pastaréttir.** Snorri Sturluson sér um tónlistina þína og lítur m.a. í dagbók og slúðurblöð. Símanúmerin fyrir óskalög og afmæliskveðjur eru 27711 fyrir Norðlendinga og 625511 fyrir Sunnlendinga.
17.00 **Síðdegi í lagi.** Þáttur fullur af fróðleik og tónlist í umsjá Þráins Brjánssonar. Meðal efnis er Belgurinn, upplýsingapakki og það sem fréttnæmast þykir hverju sinni.
19.00 **Ókynnt kvöldmatartónlist.**
20.00 **Pétur Guðjónsson** stjórnar tónlistinni á Hljóðbylgjunni fram til kl. 23.00.
23.00 **Þráinn Brjánsson** leikur þægilega tónlist fyrir svefninn.
1.00 **Dagskrárlok.**

## ÚTRÁS

16.00 **IR.**
18.00 **MS.**
20.00 **FÁ.**
22.00 **MR.**
1.00 **Dagskrárlok.**

## ALFA FM-102,9

10.00 **Morgunstund.** Guðs orð og bæn.
10.30 **Alfa með erindi til þín.** Margvíslegir tónar sem flytja blessunarríkan boðskap.
14.00 **Orð Guðs til þín.** Þáttur frá orði lífsins. Umsjónarmaður er Jódís Konráðsdóttir.
15.00 **Alfa með erindi til þín,** frh.
21.00 **Biblíulestur.** Leiðbeinandi: Gunnar Þorsteinsson.
22.15 **Alfa með erindi til þín. Frh.**
24.00 **Dagskrárlok.**

## Rót Útvarp FM 106,8

13.00 **Framhaldssagan.**
13.30 **Mormónar.** Kirkja Jesú Krists hinna síðari daga heilögu.
14.00 **Hanagal.** Félag áhugafólks um franska tungu. E.
15.00 **Laust.**
15.30 **Við og umhverfið.** Dagskrárhópur um umhverfismál. E.
16.00 **Fréttir frá Sovétríkjunum.** María Þorsteinsdóttir.
16.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
17.00 **Tónlist.**
18.00 **Kvennaútvarpið.** Ýmis kvennasamtök.
19.00 **Opið.**
20.00 **FES.** Unglingaþáttur. Umsjón: Íris.
21.00 **Barnatími.**
21.30 **Framhaldssagan.** E.
22.00 **Opið hús í beinni útsendingu á kaffistofu Rótar og boðið upp á kaffiveitingar og skemmtidagskrá.**
23.30 **Rótardraugar.**
24.00 **Við við viðtækið.** Tónlistarþáttur í umsjá Sveins Ólafssonar, Gunnars L. Hjálmarssonar og Birgis Baldurssonar. E.
2.00 **Dagskrárlok.**

## Útvarp Hafnarfjörður FM91.7

18.00–19.00 **Fimmtudagsumræðan.** Umræðuþáttur um þau mál sem efst eru á baugi í Firðinum hverju sinni.

## Ólund Akureyri

19.00 **Aflraunir.** Íþróttir með nýju sniði. Arnar Kristinsson spáir í spilið.
20.00 **Skólaþáttur.** Umsjón hafa nemendur í Tónlistarskólanum. Klassísk tónlist.
21.00 **Fregnir.** 30 mínútna fréttaþáttur. Litið í leiðara og góðar fregnir. Fólk kemur í spjall.
21.30 **Listaumfjöllun.** Gagnrýni á kvikmyndir, leikrit, myndlist og tónlist.
22.00 **Táp og fjör.** Kristján Ingimarsson fjallar vítt og breitt um tónlist.
24.00 **Dagskrárlok.**



**Munaðarleysinginn Tobias á athvarf hjá nunnunni en vill fara með hermönnunum.**

### Sjónvarp kl. 20.50:

# Drengur í óskilum

Sjónvarpsleikrit eftir Fred Barron byggt á sögu eftir Kurt Vonnegut jr. sem gerist í Þýskalandi eftirstríðsáranna.

Aðalsöguhetjan er Tobias; ungur svertingjadrengur sem býr á hrörlegu munaðarleysingjahæli undir verndarvæng nunnu. Umhverfið er fremur eyðilegt því landið er í rústum eftir sprengjuárásir stríðsins.

Þegar hópur amerískra hermanna kemur í heimsókn sér Tobías í fyrsta skipti á ævinni aðra þeldökka manneskju en það er liðþjálfi hermannanna. Hann sannfærist um það að hér sé hinn raunverulegi faðir hans kominn.

Aðalhlutverk leika Julius Gordon, Rosemary Leach og Stan Shaw.
-Pá

### Rás 1 kl. 20.15:

# Tónlistarkvöld

Að þessu sinni verða fluttir samnorrænir tónleikar frá danska útvarpinu.

Ríkisútvarpið hefur um árabil tekið þátt í samnorrænu verkefni sem felst í því að skiptast á tónleikaupptökum við ríkisútvarpsstöðvarnar annars staðar á Norðurlöndum. Hver útvarpsstöð sendir eina Sinfóníutónleika á ári hverju til hinna stöðvanna sem útvarpa þeim í sinni dagskrá.

Nýráðinn aðalstjórnandi dönsku útvarpshljómsveitarinnar er Leif Segerstram og eru þetta hans fyrstu tónleikar með sveitinni. Leif Segerstram hefur komið til Íslands og stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands og er reyndar væntanlegur hingað næsta haust.

Á efnisskrá dönsku útvarpshljómsveitarinnar voru tvö verk: Píanókonsert nr. 1 eftir Johannes Brahms og Sinfónía nr. 4 eftir Carl Nielsen Det uudslukkelige (hið óslökkvanlega). Einleikari í konsert Brahms er finnski píanóleikarinn Olli Mustonen. Umsjónarmaður þáttarins er Margrét Vilhjálmsdóttir.
-Pá



**Alríkislögreglan er stöðugt á hælum glæpamannsins sem heldur sextán ára gamalli stúlku í gíslingu.**

### Stöð 2 kl. 21.50:

# Auðveld bráð

Hörkuspennandi mynd sem byggir á sannsögulegum atburðum. Sextán ára gamalli stúlku er rænt og haldið í gíslingu. Ræninginn er ástralskur fjöldamorðingi, kappakstursheťja og milljónamæringur Christopher Wilder að nafni.

Dögum saman mátti stúlkan þola ýmsan óhugnað á flótta með alræmdum glæpamanni og geðsjúklingi sem stöðugt ógnaði lífi hennar og limum. Þrátt fyrir að alríkislögreglan væri stöðugt á hælum þeirra tókst Wilder að sleppa úr klóm hennar hvað eftir annað.

Aðalhlutverk eru í höndum þeirra Gerald McRaney og Shawnee Smith.
-Pá